



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi

Erindi nr. P 130/418

komudagur 2.12.2003

Reykjavík, 1. desember 2003.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, 91. þingmál, lagt fram á 130. löggjafarþingi.

Öryrkjabandalag Íslands tekur undir efni frumvarpsins. Bandalagið hefur ápreifanlega orðið vart við þá miklu neyð sem skattlagning fjárhagsaðstoðar hefur skapað. Sveitarfélögin hafa ekki miðað aðstoð sína við skuldir skjólstæðinga sinna auk staðgreiðslu heldur hefur skjólstæðingum verið ætlað að greiða skatta af fjárhagsaðstöðinni. Oft á tíðum kemur þetta fé aldrei í hendur þeirra sem njóta aðstoðarinnar heldur fer aðstoðin til þess að greiða uppsafnaða húsaleigu svo að dæmi sé nefnt. Skattar eru svo teknir af þessari upphæð árið eftir og eru þá skjólstæðingar félagsmálastofnana lentir í svipuðum vanda og áður. Þess eru jafnvel dæmi að slík skattlagning hafi numið allt að helmingi lífeyrisgreiðslna tryggingastofnunar ríkisins.

Auðsætt er því að hér er um mikið réttlætismál að ræða.

Virðingarfyllst,

Arnþór Helgason

Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri